

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag á jörðinni Suðurkot.

Í deiliskipulaginu felst að markaður er byggingarreitur fyrir íbúðarhús og geymslu/gestahús. Heimilt er að reisa allt að 200 m² íbúðarhús og allt að 50 m² aukahús. Hámarkshæð beggja húsa er 6 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. apríl 2012.

Breyting á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Borg, útfærsla hringtorgs.

Í breytingunni felst að lega og útfærsla hringtorgs Sólheimavegar og Biskupstungnabrautar breytist á þann veg að hringtorgið færist um 10 m til suðurs. Einnig er gert ráð fyrir veltengingu inn á Biskupstungnabraut, vestan hringtorgs, frá verslun og Gömlu-Borg.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. apríl 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. maí 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.